



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P/38/633  
komudagur 10.12.2009

Reykjavík 9. desember 2009  
Tilvísun FLE 42-2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni:** Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins, 256 mál.

Með tölvupósti dags. 5. desember s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.


Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

Almennt	FLE vill vekja athygli á því að með þessu frumvarpi er verið að gera skattkerfið flóknara og gagnsæi þess minnkar. Flókið skattkerfi býður heim hættunni á skattundanskotum og mistökum. Eftirlit skattyfirvalda verður bæði erfiðara og flóknara.
3. grein	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vantar skilgreiningu á skattalegu bókfærðu eigin fé – á almennt við í öllu frumvarpinu.</li><li>• Skýra þarf betur hvað átt er við með orðalaginu „heimilaður úthlutaður arður“ og „heimil arðsúthlutun“.</li><li>• Ekki er ljóst hvort sá hluti arðs sem talinn er til tekna sem laun falli undir frádráttarbær rekstrargjöld félagsins og þar með hvort beri að reikna af þeim launatengd gjöld.</li></ul>
5. grein	Vakin er athygli á að ákvæðið getur leitt til tvísköttunar þar sem

	viðkomandi lífeyrir er einnig skattlagður við útgreiðslu.
7. grein	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eðlilegra væri að miða við arðsákvörðunardag (aðalfund) en ekki næstu árslok á undan (lok þess árs sem arðurinn er greiddur vegna). Enda getur eignarhald breyst verulega frá árslokum til næsta arðsákvörðunardags og með því breytist réttur til arðs.</li> <li>Ef söluhagnaður er skattskyldur hvernig ber þá að fara með tap af sambærilegri eign?</li> </ul>
8. grein	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þarf að skilgreina hvað átt er við með eignarhalds- og fjárfestingafélög.</li> <li>Erfitt er að fylgjast með hvaða vaxtagjöld tilheyra umræddum skuldum, sérstaklega þegar fyrirtæki fer í gegnum skuldbreytingar þar sem mörgum lánnum er breytt í eitt stærra eða þegar um fjárhagslega endurskipulagningu er að ræða. Á greinin við um vaxtagjöld af lánnum sem þegar eru í félagi við gildistöku laganna – eða er átt við lán, sem færast yfir við samruna, eftir gildistöku laganna?</li> <li>Í raunveruleikanum getur verið ógerningur að sérgreina vaxtagjöld slíkra lána. Sem dæmi má nefna fyrirtæki sem eftir samruna greiðir slíkt lán upp en tekur síðar nýtt lán bæði til almennrar fjármögnunar og fjárfestinga. Mega fyrirtæki eiga það á hættu að nýja lánið sé skilgreint af skattyfirvöldum sem lán með takmörkuðum vaxtagjaldafrádrætti? Hér kæmu því inn margir matsþættir með tilheyrandi óvissu í skattaframkvæmd.</li> </ul>
9. grein	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skýrara væri að bæta við á eftir setningunni“... sem urðu til við skiptin“ orðunum „eða annarra félaga“?</li> </ul>
14. grein	Vakin er athygli á því að með breytingartillögunni er gert ráð fyrir að hin fulla samsköttun á tekjur samskattaðra aðila verði rofin en áfram er gert ráð fyrri að bætur verði miðaðar við samanlagðar tekjur samskattaðra aðila.
25. grein	<ul style="list-style-type: none"> <li>d.(XXXIII)</li> <li>Miðað við núverandi lögsögu og skattaumgjörð á Íslandi getur verið nær ógerlegt að leiða fram auðlegðarskattstofn eins og gert er ráð fyrir í greininni.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hugtakið „skattalegt bókfært eigið fé“ er óskilgreint.</li><li>• Skattaðila kann að vera ómögulegt að nálgast upplýsingar um „skattalegt bókfært eigið fé“ bæði innlendra og erlendra félaga.</li><li>• Óframkvæmanlegt er fyrir skattaðila að leiðrétta „skattalegt bókfært eigið fé“ með tilliti til markaðsverðs.</li></ul>

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE